

Öryggisstefna Orlofssjóðs BHM

Tilgangur:

Að öryggi þeirra er dvelja á orlofshúsasvæðum og orlofshúsum á vegum OBHM sé sem best.

Umfang:

Öryggisstefnan tekur til brunavarna og aðbúnaðar í orlofshúsum, leiksvæða og meðhöndlunar upplýsinga.

Markmið:

1. Brunavarnir séu fullnægjandi og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.
2. Aðbúnaður í orlofshúsum sé þannig að öryggi orlofsgesta sé sem best tryggt.
3. Öryggi á orlofshúsasvæðum OBHM sé til fyrirmyndar þannig að sem minnst slyshætta sé.
4. Upplýsingar um sjóðfélaga séu aðeins aðgengilegar honum sjálfum og starfsmenn virði þagnarskyldu sína.
5. Að tryggja rétt viðbrögð ef slys verður.

Leiðir að markmiði:

1. Slökkvitæki skal vera á áberandi stað í hverju orlofshúsi. Þar skal jafnframt vera eldvarnarteppi og að lágmarki einn reykskynjari í stofu og annar nálægt svefnherbergjum. Ef svefnloft er í orlofsbústað skal vera björgunarop og fellistigi. Stærð björgunarops skal vera í samræmi við reglur hverju sinni.
2. Stefnt er að því að hitastýrð blöndunartæki séu í öllum orlofskostum OBHM. Lok skulu vera á heitum pottum. Tæki og hillur skulu fest þannig að ekki geti skapast af þeim slyshætta.
3. Þar til bærir fagaðilar skulu taka út orlofssvæði í eigu sjóðsins og leiksvæði skoðuð samkvæmt kröfum um öryggi leikvallartækja og leiksvæða. Brunnar skulu tryggilega lokaðir.
4. Upplýsingar um sjóðfélaga eru einungis aðgengilegar honum sjálfum. Starfsmenn sjóðsins hafa einungis aðgang að þeim gögnum sem nauðsynlegt er. Starfsmenn OBHM eru bundnir þagnarskyldu um málefni einstakra orlofsgesta.
5. Sjúkrakassi skal vera í öllum orlofskostum OBHM. Umsjónarmenn OBHM kunni skyndihjálp og þar sem öryggisnúmer eru skráð hjá Neyðarlínunni skulu þau vera vel sjáanleg.

Ábyrgð:

Stjórn OBHM setur sjóðunum öryggisstefnu og starfsmenn OBHM bera ábyrgð á framkvæmd hennar og skulu vinna samkvæmt henni.

Endurskoðun:

Stefnan er endurskoðuð árlega.

Samþykkt á fundi stjórnar OBHM þann 10. desember 2013